

Nd.

698. Breytingartillögur

[7. mál]

við frv. til laga um sameiningu sveitarfélaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Félagsmálaráðuneytið annast framkvæmd laga þessara í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi sveitarstjórnir.
Sérstök áherzla skal lögð á eftirfarandi:
 - a. að eiga frumkvæði að því, að athuguð verði skilyrði fyrir sameiningu einstakra sveitarfélaga um allt land.
 - b. að afla upplýsinga eftir föngum um allt það, sem máli skiptir í sambandi við sameiningu sveitarfélaga.
 - c. að vera samstarfsnefndum, sbr. 3. gr., til ráðuneytis og aðstoðar við störf þeirra.
 - d. að annast fyrirgreiðslu við stjórnvöld um þau mál, sem varða sameininguna.
 - e. að vera sveitarstjórnnum til aðstoðar við ákvörðun þeirra atvika, sem um ræðir í 5. gr.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Þegar tvær eða fleiri sveitarstjórnir hafa ákveðið að rannsaka möguleika á sameiningu, skulu þær kjósa samstarfsnefnd til þess að annast rannsóknina. Sæti í samstarfsnefnd eiga fulltrúar, sem hver sveitarstjórn kýs, sem hlut á að máli. Nefndin kýs formann úr sínum hópi.
Samstarfsnefndir skulu haga störfum sínum í samráði við ráðuneytið, enda skal það láta þeim í té hvers konar aðstoð, sem það telur horfa til frekari sameiningar.
Að lokinni rannsókn þessari skal samstarfsnefnd skila álitni til hlutaðeigandi sveitarstjórna.
3. Við 4. gr. Í stað orðsins „Erindreki“ í upphafi greinarinnar komi: Félagsmálaráðuneytið.
4. Við 5. gr.
 - a. Í stað orðsins „Erindreka“ í 3. másl. 2. málsg. komi: Félagsmálaráðuneytinu.
 - b. Í stað orðsins „hann“ í sama másl. komi: það.
 - c. Í stað orðsins „erindreka“ í 4. másl. 2. málsg. komi: ráðuneytið.
 - d. Í stað orðsins „erindreka“ í síðustu másl. komi: ráðuneytinu.
5. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
Þegar ráðuneytinu hafa borizt ályktanir sveitarstjórna, sbr. 5. gr., skal leitað álits hlutaðeigandi sýslunefnda eða sýslumanna fyrir þeirra hönd um málið. Rétt er að ákveða hæfilegan frest til þess að skila álitni.
6. Við 7. gr. Í stað orðanna „frá staðháttalegu sjónarmiði“ í 2. mgr. komi: miðað við staðhætti.
7. Við 13. gr. 1. málsg. orðist svo:
Ráðherra er heimilt að sameina hrepp nágrannasveitarfélagi að fenginni jákvæðri umsögn viðkomandi sýslunefndar og/eða bæjarstjórnar, ef íbúatala hreppsins er lægri en 30.
8. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
Kostnaður við störf samstarfsnefnda greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélögum í réttu hlutfalli við íbúatölu þeirra.